

Nd.

48. Frumvarp til laga

[34. mál]

um greiðslu launauppbótar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Frá 1. júlí til 31. desember 1950 skal greidd uppbót á laun, er miðast við vísitölu 112.

2. gr.

Útreikningur vísitölu framfærslukostnaðar í desember næst komandi og þar á eftir samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1950, svo og launabreytingar í janúar 1951 og þar á eftir samkvæmt sömu lögum, skulu fram fara með sama hætti og verið hefði, ef 1. gr. laga þessari hefði ekki verið í lög tekin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 19. júlí 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar. Með lögum nr. 56/1950 um breytingar á lögum nr. 37/1943 um húsaleigu, er sett hámark húsaleigu, að viðbætti vísitöluuppbót, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði. Hámarksákvæði laganna hafa áhrif til lækkunar yfirleitt á húsaleigu íbúðarhúsnæðis og varð því ekki hjá því komizt fyrir kauplagsnefnd að taka fullt tillit til nefndra laga og þeirrar lækkunar á framfærslukostnaði, sem af þeim leiðir.

Visitala fyrir júlí hefur með tilliti til þessa verið ákveðin 109 stig og mundi þá að óbreyttum lögum aðeins 5% launahækkun verða greidd til ársloka. En þar sem áðurgreind lög um lækkun húsaleigu eru nýlega sett og því ekki komin til framkvæmda nema að litlu leyti, þykir ekki sanngjarnt að sú vísitölulækkun, sem af þeim stafar, komi til framkvæmda nú nema að litlu leyti. Þess vegna þykir rétt að ákveða, að 12% uppbót skuli greiða á öll laun frá 1. júlí til 31. des. þessa árs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. júlí til 31. desember 1950 skal greidd uppbót á laun, er miðast við vísitölu 112.

2. gr.

Útreikningur vísitölu framfærslukostnaðar í desember næst komandi og þar á eftir samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1950, svo og launabreytingar í janúar 1951 og þar á eftir samkvæmt sömu lögum, skulu fram fara með sama hætti og verið hefði, ef 1. gr. laga þessari hefði ekki verið í lög tekin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1950.

Sveinn Björnsson.

Björn Ólafsson.